

Priðjudaginn 25. mars 1997.

Nr. 126/1996.

B

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Jón G. Tómasson hrl.)

Skaðabótamál. Líkamstjón. Sjúkrahús. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. mars 1996. Hún krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 12.708.525 krónur með nánar tilteknum ársvöxtum frá slysdegi 6. júní 1989 til þingfestingardags í héraði 29. júní 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðherra 3. júní 1996 var henni veitt leyfi til gjafsóknar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki látinn niður falla.

Eins og lýst er í héraðsdómi, leitaði áfrýjandi sjálf til móttöku-deildar áfengis- og vímuefnasjúklinga við geðdeild Landspítalans að morgni 5. júní 1989 vegna ofneyslu áfengis og lyfja. Að mati lækna var hún með einkenni, sem bentu til „amphetamin-psykosu“ og þarfnadist bráðameðferðar. Samkvæmt heimild í 2. mgr. 13. gr. lög-ræðis laga nr. 68/1984 var henni bannað að fara af deildinni án leyfis læknis í tvo sólarhringa, þar sem hætta var talin á, að hún hæfi neyslu áfengis og fíkniefna að nýju. Áfrýjandi var lögð inn á lokaðan hluta deildarinnar, þar sem fylgst er stöðugt með sjúklingum. Næsta morgun hafði ástand hennar breyst svo til batnaðar að mati lækna, að ekki var talin ástæða til að hafa hana undir stöðugri gæslu og talið óhætt að flytja hana yfir á almenna deild, þar sem fylgst var

með henni á hálf tímafresti. Ekki eru efni til að hnekkja þessu mati lækna. Einnig er ósannað, að skort hafi á eftirlit af hálfu starfsfólksins.

Geðdeild Landspítalans er lýst þannig í bréfi yfirlæknis hennar til skrifstofu Ríkisspítalanna 8. október 1991: „Geðdeild Landspítalans er ekki lokuð þannig, að hún teljist mannheld. Gluggar eru ekki útbúnir með rimlum eða öðrum hætti þannig, að ekki sé hægt að komast út um þá með ásetningi. Þetta á einnig við um móttökudeild áfengis- og vímuefnasjúklinga, deild 33 A, við geðdeild Landspítalans.“ Yfirlæknirinn bar fyrir dómi, að deildin hefði á þessum tíma einkanlega átt að gegna því hlutverki að vera afeitrundeyld og rannsóknardeild fyrir vímuefnasjúklinga.

Áfrýjandi hefur skýrt svo frá, að hún hafi verið ákveðin í að komast út, og hafi hún leitað að glugga, sem hægt væri að opna. Ómótmælt er, að járn á glugganum var brotið, svo að unnt var að opna hann um 16 cm í stað 7–8 cm. Samkvæmt mati lækna var áfrýjandi ekki í þörf fyrir stöðuga gæslu. Ekki verður til þess ætlast, að starfsfólk deildarinnar gerði ráð fyrir því, að hún færi út um þetta þrönga gluggaop. Hún gerði þetta af ásettu ráði og mátti gera sér grein fyrir aðstæðum. Veldur þessi umbúnaður gluggans því ekki, að skaðabótaábyrgð falli á sjúkrahúsið.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, en gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, en gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, B, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Á það verður að fallast með stefnda, að meðhöndlun áfrýjanda á móttökudeild áfengis- og vímuefnasjúklinga við geðdeild Landspítalans 5. og 6. júní 1989 hafi verið í eðlilegu samræmi við ástand hennar. Þá verður og að miða við, að deildin var ekki lokuð sjúkra- deild í þeim skilningi, að hún ætti að teljast mannheld. Um öryggi á deildinni varð á hinn bóginn að gera tiltekna lágmarkskröfur. Með- al þeirra var sú krafa, að umbúnaður glugga væri í lagi á hverjum tíma eftir gerð sinni. Var brestur í því efni ótvírætt fallinn til að bjóða heim atvikum eins og því, sem hér gerðist. Að auki horfir hér þannig við, að glugginn, sem áfrýjandi leitaði út um, var á sjúkra- stofu hennar sjálfrar og aðgengilegur að því leyti. Af þessum sökum verður að líta svo á, að stefndi beri skaðabótaábyrgð á því lík- amstjóni, sem áfrýjandi hlaut af því að þrengja sér út um gluggann til að komast af deildinni. Hins vegar verði áfrýjandi einnig að bera ábyrgð á slysinu að sínu leyti, þar sem hún hafi ekki verið í svo annarlegu ástandi, að hún gæti ekki gert sér grein fyrir hættunni, sem stofnað var til.

Samkvæmt þessu á stefndi að greiða áfrýjanda bætur, sem nemi 1/3 hluta af tjóni hennar, er rakið verði til slyssins, auk vaxta og málskostnaðar. Að öðru leyti beri hún tjón sitt sjálf. Þar sem niður- staða meiri hluta dómenda er á annan veg, eru ekki efni til að gera bótahlið málsins nánari skil.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. janúar 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 8. janúar sl., er höfðað með stefnu, sem árituð er um viðtöku 28. júní sl.

Stefnandi er B, f. 1960, . . ., Kópavogi.

Stefndi er íslenska ríkið vegna Ríkisspítalanna.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni 12.708.525 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Þess er krafist, að dæmt verði, að vextir leggist við höfuðstól á tólf mán- aða fresti, í fyrsta sinn 6. 6. 1990, en síðan árlega þann dag.

Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mán- aða fresti, í fyrsta sinn 29. 6. 1996, en síðan árlega þann dag.

Þá er krafist málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að um kl. 7.00 mánudaginn 5. júní 1989 hafi hún leitað til Landspítalans vegna ofneyslu áfengis og lyfja. Hún hafi þá misnotað vímuefni mikið undanfarnar þrjár vikur. Kveðst hún ekki hafa getað sofið undanfaraandi nætur og haft ofsóknartilfinningu og ógnvekjandi ofsjónir.

Jóhannes Bergsveinsson yfirlæknir, er tekið hafi á móti stefnanda og átt viðtal við hana, hafi tafarlaust sent hana í meðferð á deild 33 A á geðdeild Landspítalans. Í bréfi hans frá 8. október 1991 segi: „Augljóst var, að hér var á ferðinni bráðveikur sjúklingur með einkenni, er bentu til amphetamin-psykosu. Hún hafði því þörf fyrir bráðameðferð, innlögn og vistun í a. m. k. 48 tíma, meðan hið bráða geðveikisástand væri meðhöndlað og það gengi yfir.“ Mun stefnandi hafa verið lögð inn á deildina um kl. 10.00 þennan dag.

Við komu á deildina hafi stefnandi verið færð úr öllum fötum, sett í bað og klædd í náttföt frá Landspítalanum. Næstu klukkutíma hafi henni verið gefið mikið af lyfjum, bæði verkjalyf og róandi lyf.

Ströng gæsla sé viðhöfð á deildinni, og mun sjúklingum óheimilt að hverfa á brott án samráðs við lækni. Mun deildin vera nokkurs konar bráðamóttaka fyrir sjúklinga í mjög annarlegu ástandi. Deildinni muni vera skipt þannig, að bráðveikir sjúklingar séu hafðir á sérstökum gangi, svokölluðum „skammlegg“, þar sem eftirlit sé stöðugt og umönnun mun meiri en annars staðar á deildinni. Er sjúklingar hafi náð sér niður, séu þeir fluttir af nefndum gangi yfir á almenna deild 33 A og fái þá að fara ferða sinna, án þess að „fylgst sé með hverju fótmáli þeirra“, eins og segi í fyrrnefndu bréfi Jóhannesar Bergsveinssonar. Sé það gert í þeim tilvikum, þegar sjúklingar eru komnir úr versta ástandinu og hvorki hættulegir sjálfum sér né öðrum að mati lækna.

Stefnandi muni fljótlega eftir komuna á deild 33 hafa farið að tala um það við starfsfólkið að hætta í meðferðinni og fara út af spítalanum. Morguninn eftir að hún hafi verið lögð inn, þ. e. 6. júní 1989, hafi ástand hennar verið metið svo, að ekki væri lengur þörf á hinu sérstaka eftirliti og umönnun á sérgangi deildarinnar. Hafi hún því verið færð á almenna hluta deildarinnar.

Síðar um daginn hafi stefnandi ákveðið að hætta í meðferðinni og fara úr Landspítalanum. Á leiðinni út hafi hún verið stöðvuð og henni tilkynnt, að

hún væri svipt sjálfræði á grundvelli svonefndrar 48 tíma reglu og gæti því ekki horfið af spítalanum. Kveðst stefnandi hafa tekið frelsissviptingu þessa óstinnt upp, eins og sjúklingum er gjarnt við slíkar aðstæður. Hún hafi enn verið í mjög annarlegu ástandi vegna langvarandi misnotkunar lyfja og áfengis og mikillar lyfjagjafar á spítalanum og taldi, að á sér væri brotið með sviptingunni, og verið staðráðin í að komast af spítalanum. Mun stefnandi í þessum tilgangi hafa leitað eftir útgönguleiðum, en þær allar verið lokaðar. Stefnandi hafði heyrt, m. a. frá sjúklingum deildarinnar, að sjúklingar á deild 33 A hefðu farið út um glugga á spítalanum. Ekki fann hún opna glugga og fór því í svefnherbergi sitt nr. 16 og lagðist niður til að hvíla sig. Er hún hafði verið þar í nokkra stund, veitti hún því athygli, að festing á glugganum var brotin. Stefnandi sá þetta úr fjarlægð, þar sem eitthvert járn hékk niður úr festingunum á gluggunum.

Gluggar þeir, sem hér um ræðir, eru veltigluggar, 95 cm × 150 cm að stærð. Gluggarnir eigi að vera öryggisgluggar og séu algengir í sjúkrahúsum og skólum, þar sem þeir eigi ekki að opnast nema að takmörkuðu leyti. Ómögulegt sé að komast út um þá, a. m. k., meðan þeir eru í lagi, nema þekkt sé eftir atvikum, hvernig losa eigi öryggið á þeim. Á þeim séu lamir rétt fyrir ofan miðjan glugga, og opnast þeir því bæði að ofan og neðan. Stefnandi hafi ýtt á gluggann, og hafi hann opnast svo mikið, að hún hafi getað komist út um hann. Hafi hún farið með fæturna á undan, hangið á annarri hendi og ætlað að láta sig síga niður. En er stefnandi sá, hve langt var niður, hafi hún ætlað að hætta við, en misst þá takið og fallið til jarðar. Stefnandi telur, að þetta hafi gerst, skömmu eftir að sér hafi verið tilkynnt um sjálfræðissviptinguna og að sér væri óheimilt að fara af spítalanum. Fallið hafi verið um 5,60 metrar, og hafi stefnandi komið niður á mól, eins og fram komi í vettvangsskýrslu tæknideildar lögreglunnar í Reykjavík.

Við fallið hafi stefnandi slasast alvarlega í baki, t. d. hlotið samfallsbrot á tveimur hryggjarliðum. Þetta hafi m. a. valdið því, að hún hafi styst um tvo sentímetra. Örorka stefnanda hafi verið metin af Birni Önundarsyni lækni 100% í sextíu (?) mánuði og 40% varanleg.

Stefndi lýsir málavöxtum á þá leið, að stefnandi hafi um langt árabíl misnotað fíkniefni og af þeim sökum oftsinnis komið til meðferðar á geðdeild Landspítalans. Hún hafi sjálf leitað til göngudeildar áfengis- og vímuefnasjúklinga við geðdeild Landspítalans að morgni 5. júní 1989. Þá hafi hún að eigin sögn mikið notað vímuefni í þrjár vikur. Hún hafi verið mjög óróleg, æst og haldin ofskynjunum. Að mati lækis hafi verið þörf fyrir bráða meðferð, innlögn og vistun í a. m. k. 48 klukkustundir. Stefnandi hafi verið fús til að leggjast inn og gangast undir meðferð og róast fljótlega í viðtali við

lækni. Hurfu ofskeynjanir a. m. k. í bili. Hafi henni verið gefin róandi lyf og hún lögð inn á deild 33 A, sem sé móttökudeild fyrir vímuefnasjúklinga, sem séu að leggjast inn til rannsóknar og meðferðar. Sumir sjúklingar séu lagðir þar inn bráðri innlögn, en aðrir komi af biðlista. Það gildi um alla sjúklinga, sem lagðir séu inn á deild 33 A, að fyrsta sólarhringinn séu þeir hafðir á þeim hluta deildarinnar, sem nefndur sé „skammleggur“.

Stefnandi mun hafa sofið að mestu fyrstu 16–17 klukkustundirnar eftir innlögn á deildina. Að morgni 6. júní hafði ástand hennar breyst svo til batnaðar, að hún hafi verið flutt yfir á almennan hluta deildarinnar, þar sem minna eftirlit sé með sjúklingum. Líðan hennar hafi þó ekki verið góð, hún hafi verið nokkuð óróleg og spennt og þurft á róandi lyfjum að halda til að minnka vanlíðan og dempa sjúkdómseinkenni.

Stefnandi mun hafa látið í ljós, að hún væri ósátt við lengri dvöl á deildinni, og viljað útskrifast. Þar sem óráðlegt hafi þótt að útskrifa hana í því ástandi, sem hún hafi verið, m. a. vegna hættu á, að hún hæfi neyslu vímuefna að nýju ofan í þau lyf, sem henni höfðu verið gefin í meðferðinni, hafi verið ákveðið að kyrrsetja hana á deildinni samkvæmt svonefndri 48 klukkustunda reglu. Virtist stefnandi sætta sig við það, en strax við innlögn hafði hún verið látin vita um þá fyrirætlan yfirlæknis deildarinnar, að þessari reglu yrði beitt, og það ítrekað við hana síðar sama morgun, þegar hún hafi látið í ljós þá fyrirætlan að hætta í meðferðinni, og svo aftur 6. júní, þegar hún hafi enn að nýju viljað fara af deildinni.

Eftir að stefnandi hafði verið flutt á almennan hluta deildarinnar, hafi verið fylgst með henni á u. þ. b. hálf tímafresti, en um kl. 17.30 hafi hún látið sig falla út um glugga á 2. hæð hússins og hlotið við fallið meidsli þau, sem hún krefjist nú skaðabóta fyrir. Aðstoðardeildarstjóri hafi síðast litið til hennar um kl. 17.00, þar sem hún hafi verið stödd í reykherbergi og virst mjög róleg.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að starfsmenn á deild 33 A á Landspítalanum hafi umrætt sinn gerst sekir um aðgæsluleysi við eftirlit og umönnun stefnanda, og beri stefndi ábyrgð á þeirri háttsemi starfsmanna sinna á grundvelli reglu skaðabótaréttarins um vinnuveitandaábyrgð.

Í öðru lagi styður stefnandi kröfur sína því, að gluggabúnaður í herbergi sínu hafi verið í óforsvaranlegu ástandi, sem sé afleiðing af hirðuleysi starfsmanna stefnda, sem metið verði til sakar og því á ábyrgð hans.

Stefndi vísar á bug þeirri málsástæðu stefnanda, að starfsmenn á deild 33 A hafi gerst sekir um aðgæsluleysi við eftirlit og umönnun með henni.

Stefndi hafnar einnig síðari málsástæðu stefnanda, að gluggabúnaður í herberginu hafi verið óforsvaranlegur og það sé afleiðing hirðuleysis starfsmanna hans, er metið verði til sakar.

Stefnandi reisir kröfur sínar á tveimur málsástæðum. Hin fyrri er sú, að starfsmenn á deild 33 A á geðdeild Landspítalans hafi gerst sekir um aðgæsluleysi við eftirlit og umönnun með stefnanda, og beri stefndi ábyrgð á því sem vinnuveitandi þeirra.

Í bréfi Jóhannesar Bergsveinssonar yfirlæknis frá 8. október 1991 er því lýst, að geðdeildin sé ekki lokuð þannig, að hún sé mannheld, og að ekki sé gengið svo frá gluggum, að ekki sé unnt að komast út um þá með ásetningi. Eigi þetta einnig við um deild 33 A, þar sem misnotendur áfengis og annarra vímuefna eru vistaðir og rannsakaðir. Þá er því lýst, að nýir sjúklingar séu fyrsta sólarhringinn eða lengur, ef ástæða þyki til, hafðir á sérgangi, þar sem hægt sé að fylgjast stöðugt með þeim, og fái þeir ekki að fara þaðan, fyrr en ástand þeirra leyfi. Þegar að því komi, flytjist þeir yfir á almennan hluta deildarinnar og fái þar að fara ferða sinna innan hennar, án þess að fylgst sé með hverju fót máli þeirra. Þó sé fylgst með hverjum og einum í samræmi við ástand hans, eins og það sé metið af lækni. Sé talin hætta á, að sjúklingur fari sér að voða, beri starfsfólki að viðhafa nauðsynlega aðgát í samræmi við fyrirmæli læknis.

Eins og að framan var rakið, kom stefnandi sjálfviljug á deildina og óskaði eftir aðstoð. Var hún lögð inn og frelsi hennar skert í tvo sólarhringa samkvæmt heimild í 2. mgr. 13. gr. löggræðis laga nr. 68/1984. Fyrsta sólarhringinn var hún vistuð á lokaða hluta deildarinnar, en eftir það flutt á hinn almenna, enda var ástand hennar talið leyfa vistun þar. Í skýrslu, sem Halla Þórhallsdóttir, þá aðstoðardeildarstjóri, gaf hjá lögreglunni í Reykjavík 14. júní 1989, kemur fram, að stefnandi hafi skömmu eftir komu á deildina farið að óska eftir að losna, en henni verið sagt, að hún væri vistuð þar samkvæmt framangreindri lagagrein. Daginn eftir hafi hún aftur óskað eftir að fá að fara, en síðan sagst hafa sætt sig við veruna. Halla kvað hafa verið fylgst með stefnanda á hálf tímafresti. Hafi hún síðast séð hana um kl. 17.00, og hafi hún þá virst róleg.

Sama dag var einnig tekin skýrsla af stefnanda. Þar skýrir hún frá því, að

daginn eftir innlögnina hafi hún viljað fara af deildinni, en Jóhannes Bergsveinsson ekki viljað leyfa það. Hún kvað sambýlismann sinn hafa komið með föt handa sér, og einnig hafi hún hringt í hann, við þetta hafi hún spennst upp, „ . . . og þrátt fyrir neitun Jóhannesar var ég ákveðin í að komast út. Ég var þá enn á lyfjum, og ofskynjanirnar voru hættar. Ég var búin að leita að opnum glugga á deildinni til að komast út og fann einn á stofu 16, sem hægt var að opna. Ég spennti gluggann upp, eins og hægt var, og fór með fæturna á undan og hékk á annarri hendinni, en ég ætlaði að láta mig síga niður. Ég ætlaði að hætta við, þegar ég sá, hvað það var langt niður, en missti þá takið og féll til jarðar“.

Fyrir dómi skýrði stefnandi svo frá, að hún hefði sturlast, þegar sér var neitað um að fara af deildinni, og þá farið að leita sér að glugga til að komast út um, en ekki fundið. Hún hafi þá farið inn á herbergi sitt til að hvílast, en þá séð, að járn á glugganum var brotið, og hafi sér tekist að komast út um hann. Ekki gat hún lýst þessu frekar og kvaðst raunar muna óljóst þessa atburði.

Herbergisfélagi stefnanda þennan dag bar, að henni hefði greinilega liðið mjög illa, hún hefði verið „langt niðri“ og lokað sig af.

Jóhannes Bergsveinsson bar fyrir dómi, að þegar stefnandi hefði komið á deildina, hefði verið vafi, hvort hún væri ekki í geðveikisástandi, er stafaði af amfetamínneyslu, sem meðal annars hefði í för með sér svefntruflanir. Þegar hún var flutt á almenna hluta deildarinnar, hefðu þessi einkenni verið horfin.

Halla Þórhallsdóttir bar, að þegar hún hefði komið á vakt kl. 15.30 6. júní, hefði stefnandi verið róleg, og kvaðst hún ekki hafa orðið vör við, að hún væri að leita fyrir sér um útgönguleið, raunar ekkert í fari hennar gefið tilefni til að ætla, að hún myndi reyna að strjúka.

Eins og nú hefur verið rakið, var stefnandi flutt á almenna hluta deildarinnar, þegar ástand hennar leyfði að mati læknis. Hún ber sjálf hjá lögreglu nokkrum dögum eftir, að hún fór út um gluggann, að þá hafi hún ekki lengur haft ofskynjanir, sem voru ástæða þess, að hún leitaði á náðir deildarinnar. Fyrir dómi bar hún, að hún hefði sturlast, þegar hún frétti, að henni væri ekki heimilt að fara af deildinni. Þessi framburður hennar fær ekki stöð í framburði þeirra Höllu Þórhallsdóttur og Jóhannesar Bergsveinssonar og raunar ekki heldur í framburði herbergisfélaga hennar.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er ósannað, að stefnandi hafi verið í slíku ástandi, er hún var flutt yfir á almenna hluta deildarinnar, að hún hafi þurft á meiri aðgæslu og umönnun að halda en aðrir sjúklingar, er þar voru. Þá er ekkert fram komið í málinu, sem bendir til þess, að starfs-

fólk deildarinnar hafi mátt vænta þess, að stefnandi gripi til þess að fara út um glugga, og þess vegna átt að hafa á henni strangari gætur en hafðar voru. Dómurinn hafnar af þeim sökum því, að stefnandi eigi bótarétt á hendur stefnda vegna þessarar málsástæðu.

Síðari málsástæða stefnanda er sú, að gluggabúnaður í herbergi hennar hafi verið í óforsvaranlegu ástandi, sem sé afleiðing af hirðuleysi starfsmanna stefnda, sem metið verði þeim til sakar, og þess vegna á ábyrgð hans.

Óumdeilt er, að járn á glugganum var brotið, og olli það því, að hægt var að opna hann um 16 cm. Við vettvangsgöngu kom í ljós, að við eðlilegar aðstæður er ekki unnt að opna glugga í umræddu herbergi nema um 7–8 cm. Þrátt fyrir það að starfsmenn stefnda beri ábyrgð á því, að gluggarnir séu í forsvaranlegu ástandi, verður ekki fram hjá því litið, að vegna þess að járn- ið var brotið, opnaðist glugginn aðeins um 16 cm, og verður það ekki metið starfsmönnum stefnda til sakar að hafa ekki gert ráð fyrir, að sjúklingar myndu troða sér út um þá rifu, en til þess að það megi takast, þarf mjög einbeittan ásetning. Dómurinn hafnar af þeirri ástæðu einnig því, að stefnandi eigi bótarétt á hendur stefnda vegna síðari málsástæðu hennar.

Samkvæmt framanrituðu er það álit dómsins, að tjón stefnanda sé henni sjálfri að kenna, en ekki atvikum, sem stefndi beri ábyrgð á, og verður hann af þeim sökum sýknaður af kröfum hennar.

Stefnanda var veitt gjafsókn í málinu. Rétt þykir, að málskostnaður á milli aðila falli niður, en gjafsóknarkostnaður stefnanda skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmans hennar, Ásgeirs Á. Ragnarssonar hdl., 180.000 kr., auk virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýknaður af kröfum stefnanda, B.

Málskostnaður á milli aðila fellur niður, en gjafsóknarkostnaður stefnanda skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmans hennar, Ásgeirs Á. Ragnarssonar hdl., 180.000 kr., auk virðisaukaskatts.